

## Ellefti fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki miðvikudaginn 8. nóvember 2023 klukkan 17:00.

Mætt eru: Veronika G. Sigurvinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Pröstur Aðalbjarnarson, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerðina, nema undir 5. lið.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti leitaði afbrigða á dagskrá fundarins og óskaði eftir því við fundarmenn að bæta við einum lið við dagskrá fundarins og það mál yrði 4. mál á dagskrá fundarins.

Samþykkt af öllum sveitarstjórnarmönnum.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

### 1. Sameiningarviðræður – fyrri umræða.

Með vísan í umsögn Innviðaráðuneytisins um álit sveitarstjórnar á stöðu sveitarfélagsins, getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum og um þau tækifæri sem felast í mögulegum kostum sameiningar sveitarfélaga við annað eða önnur sveitarfélög.

Einhugur er í sveitarstjórn um að kanna sameiningu við önnur sveitarfélög.

Oddvita falið að kanna vilja nágrennasveitarfélaga til sameininga sveitarfélaga.

### 2. Útsvar 2024.

Sveitarstjórn samþykkir að álagningarhlutfall útsvars fyrir árið 2024 verði 14,74%.

### 3. Gjaldskrár 2024.

Frestað til næsta fundar.

### 4. Frístundastyrkur.

Sveitarstjórn samþykkir að fjárhæð frístundastyrks fyrir árið 2024 verði 50.000 kr. pr. barn.

### 5. Greiðslur vegna ungbarna.

Sigurbjörg víkur af fundi. Herdís, varaoddviti tekur við fundarstjórn.

Sveitarstjórn samþykkir að fjárhæð greiðslna vegna ungbarna fyrir árið 2024 verði 120.000 kr. á barn á mánuði skv. reglum um greiðslur vegna ungbarna til foreldra og forráðamanna.

6. Skipulags- og byggingarmál.

Rætt var um skipulags- og byggingarmál sveitarfélagsins. Sameiginlegt Umhverfis- og skipulagssvið verður aflagt um komandi áramót.

Oddvita falið að vinna í málinu.

7. Laugargerði, skipulagsmál.

Minnisblað frá skipulagsfulltrúa og formanni skipulags- og byggingarnefndar um deiliskipulag í Laugargerði lagt fram til kynningar.

Oddviti leggur til að teknar verði út lóðir undir tvö íbúðarhús sem að standa í landi Laugargerðis. Samþykkt af sveitarstjórn.

Oddvita falið að vinna málið.

8. Erindi frá Brákarhlíð.

Erindi frá Ingu Dóru Halldórsdóttur, dagsett 17.10.2023, f.h. Brákarhlíðar lagt fyrir fundinn.

Erindið er samþykkt af sveitarstjórn.

9. Brunavarnir Heiðsynninga.

Fyrir liggur beiðni frá Borgarbyggð um að Brunavörnum Heiðsynninga verði slitið. Sveitarstjórn samþykkir að Brunavörnum Heiðsynninga verði slitið.

Oddvita falið að vinna slitaferlið fyrir hönd sveitarfélagsins.

10. Heilsuefling eldri borgara og öryrkja.

Oddviti lagði fram drög að reglum um styrki til heilsueflingar eldri borgara og öryrkja í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Reglurnar samþykktar í sveitarstjórn og oddvita falið að auglýsa á heimasíðu sveitarfélagsins.

11. Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2024.

Fjárhagsáætlun lögð fyrir fundinn og samþykkt.

12. Fundargerð Skipulags- og byggingarnefndar.

Fundargerð 45. fundar skipulags- og byggingarnefndar, 13. október 2023, lögð fram.

Fundargerð staðfest.

13. Fundargerð 935. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Lögð fram til kynningar.

14. Fundargerð 936. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Lögð fram til kynningar.

Fleira var ekki gert.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:55.

Herdís Þórðardóttir sign

Guðbjörg Gunnarsdóttir sign

Þróstur Aðalbjarnarson sign

Veronika G. Sigurvinsdóttir sign

Sigurbjörg Ottesen sign